

Setning Aðalfundar Skógræktarfélags Íslands árið 2012 á Blönduósi

Fulltrúi Umhverfisráðherra, heiðursfélagar Skógræktarfélags Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, fulltrúar skógræktarfélaganna og aðrir góðir gestir.

Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur öll hjartanlega velkomin til þessa 77. aðalfundar Skógræktarfélags Íslands sem nú er haldinn hér á Blönduósi. Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga býður til aðalfundar og færi ég félaginu bestu þakkir fyrir góða aðstoð við undirbúning hans.

Aðalfundir Skógræktarfélags Íslands hafa að jafnaði verið vel sóttir af fulltrúum skógræktarfélaganna og er þessi fundur sem hér er haldinn þar engin undantekning. Ég hef verið þess heiðurs aðnjótandi að hafa gegnt starfi formanns Skógræktarfélags Íslands frá árinu 2007. Sá tími hefur verið mér afar dýrmætur. Ég hef fengið gullið tækifæri til að auka fræðslu mína um allt er lýtur að skógrækt og landgræðslu. Það er líka ómetanlegt að hafa fengið tækifæri til að kynnst skemmtilegu og góðu fólki, víðsvegar um land, sem deilir með sér þeirri hugsjón að efla skógrækt í þágu lands og lýðs. Það er því tilhlökkunarefni að hitta ykkur, kæru vinir, og bera saman bækur okkar um málefni skógræktar, hér á þessum aðalfundi.

Aðalfundir Skógræktarfélags Íslands eru skógræktarhreyfingunni afar mikilvægir. Þeir eru vettvangur skógræktarmanna til líflegra skoðanaskipta og gleðiríkra samverustunda og ég á ekki von á öðru en að fundur okkar hér á Blönduósi muni einnig verða áhugaverður og gleðiríkur. Þá verður fróðlegt að kynnst því öflugra skógræktarstarfi sem hér hefur verið unnið að á undanförunum árum og áratugum.

Á þessum aðalfundi eiga rétt til setu fulltrúar frá 61 skógræktarfélagi.

Ágætu fundarmenn.

Liðið ár var að mörgu leyti sérstakt í starfi Skógræktarfélags Íslands, en Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hafði áður lýst árið 2011 „Alþjóðlegt ár skóga“. Í ræðu minni á liðnu ári fór ég nokkrum orðum um störf framkvæmdanefndar sem skipuð var í upphafi Alþjóðlegs árs skóga og hafði það hlutverk að halda utan um atburði ársins og helstu verkefni sem unnið var að á árinu. Í ályktun Allsherjarþingsins kom meðal annars fram: „Allsherjarþingið telur að samstillt átak þurfi á öllum sviðum til að auka vitund og styrkja sjálfbæra umhirðu, vernd og sjálfbæra þróun allra skógargerða. Skorað er á ríkisstjórnir, svæðisbundnar stofnanir og helstu hópa að styðja viðburði sem tengjast árinu, meðal annars með frjálsum framlögum, og með því að tengja viðburði á sínum vegum við árið“. Þegar horft er til síðasta árs má með sanni segja að skógræktarhreyfingin á Íslandi hafi leitast við að standa myndarlega að framkvæmd Alþjóðlegs árs skóga í takt við þær áherslur sem Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna lagði áherslu á. Má meðal annars geta þess að Skógræktarfélag Íslands lét gera tvö stutt kynningarmyndbönd, sem fjalla annars vegar almennt um starf skógræktarfélaganna og gildi skógræktar og hins vegar um Græna trefilinn, sem er samheiti fyrir skógræktar- og útivistarsvæði í upplandi höfuðborgarsvæðisins.

Rekstur Skógræktarfélags Íslands gekk að mörgu leyti vel á liðnu starfsári og rekstrartekjur voru í takt við áætlanir. Peningalegar eignir hækkuðu á milli ára sem og eignir í bundnum sjóðum að því undanskyldu að hluti fjármagns til kaupa á jörðinni Úlflyjótuvatn var greiddur úr bundnum sjóð félagsins.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2011 voru heldur meiri en á árinu 2010. Rekstrargjöld ársins 2011 voru hins vegar sambærileg við rekstrargjöld ársins 2010. Rekstrarhagnaður félagsins á liðnu ári var kr. 5.912 þús. en var kr. 2.708 þúsund á árinu 2010. Eigið fé félagsins í árslok 2011 var kr. 120.054 þús. en var í lok árs 2010 kr. 26.641. þús.

Eitt af megin verkefnum stjórnar Skógræktarfélags Íslands hefur verið að ná góðu jafnvægi í rekstri félagsins. Það er því ánægjulegt að leggja hér fram ársreikning fyrir árið 2011 með viðunandi hagnaði frá rekstri. Rekstur félagsins er margþættur og um leið á vissan hátt brothættur, en frá þeim tíma sem kreppan skall á hefur félagið orðið af fjárstuðningi fjölmargra aðila, eins og ég hef áður nefnt. Þá hefur framlag ríkisvaldsins til félagsins lækkað.

Þegar litið er yfir starfsskýrslu Skógræktarfélags Íslands á milli aðalfunda má glögg sjá að unnið hefur verið að fjölmörgum verkefnum. Mun ég geta þeirra hér að nokkru.

22 ár eru nú liðin síðan Landgræðsluskógaverkefninu var ýtt úr vör. Óhætt er að segja að verkefnið hafi tekist afar vel. Þer að þakka ríkisvaldinu dyggan stuðning við verkefnið sem hefur það megin markmið að efla nýskógrækt, en á þessum tíma hafa skógræktarfélagin plantað út að meðaltali um 700 til 800 þúsundum skógarplantna ár hvert. Nú er unnið við gerð fyrstu útboðsgagna vegna umhirðu Landgræðsluskóga og er sú vinna á lokastigi. Um er að ræða þróunarverkefni sem mun afla vitneskju um afköst, kostnað og árangur, sem nýtast mun í framtíðinni. Nú er unnið að endurnýjun samstarfssamnings við ríkisvaldið um áframhaldandi stuðning við verkefnið, en samningur sem gerður var til fimm ára rennur sitt skeið á næsta ári.

Nú hefur atvinnuáttaverkefni Skógræktarfélags Íslands og innanríkisráðuneytis staðið allt frá árinu 2009. Upphaflega var gert ráð fyrir að verkefninu lyki árið 2011 en í samráði við innanríkisráðuneytið var ákveðið að halda áttakinu áfram árið 2012, enda atvinnuleysi enn umtalsvert og afgangur af upphaflegri fjárveitingu til verkefnisins. Jafnframt hefur verið lögð inn umsókn til innanríkisráðuneytisins um framhald verkefnisins árin 2013-2015. Verkefnið er með svipuðu sniði og fyrri ár og byggist upp á þríhliða samningum milli Skógræktarfélags Íslands, staðbundinna skógræktarfélaganna og viðkomandi sveitarfélaganna. Á árinu voru gerðir samningar upp á rúmlega 50 ársverk sem er svipað og verið hefur undanfarin ár. Ég vil hér nota tækifærið og þakka öllum þeim sem hafa með einum eða öðrum hætti komið að þessu þýðingarmikla verkefni. Er ekki að efa að skilningur allra þeirra sem hafa fengið tækifæri til að starfa með okkur í þessu verkefni hefur aukist um gildi skógræktar og þýðingu þess til atvinnusköpunar, afþreyingar og bættrar lýðheilsu.

Eitt af þeim verkefnum sem félagið vill beina sjónum sínum að á komandi árum er lagning Græna stígsins, en ráðgert er að stígurinn liggja frá Kaldárseli og upp á Kjalarnes. Lagning Græna stígsins er samstarfsverkefni skógræktarfélaganna, sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ríkisvaldsins. Fellur verkefnið vel að því markmiði að efla lýðheilsu og útivist og skapa samgönguæð um fegurstu svæðin í upplandi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Samtök sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hafa þegar samþykkt að gert verði ráð fyrir lagningu Græna stígsins við gerð aðal-, svæðis- og deiliskipulags á höfuðborgarsvæðinu. Þó svo að stígagerðin sjálf sé vart hafin, ef undan er skilin stígagerð í Kópavogi, þá hafa sveitarfélögin horft til legu hans og nokkuð hefur verið unnið að gróðursetningu á svæðum sveitarfélaganna, þar sem gert er ráð fyrir að stígurinn liggja. Ljóst er að undirbúningur og vinna að gerð Græna stígsins mun taka langan tíma og kosta mikla fjármuni. Því mun þetta áhugaverða verkefni væntanlega rata með reglulegum hætti inn í ræðu formanns á aðalfundi, en dropinn mun hola steininn.

Verkefnið Opinn skógur hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og geta landsmenn nú notið þess að staldra við í Opnum skógi, víðs vegar, á ferð sinni um landið. Á liðnu ári var skógurinn að Fossá í Hvalfirði opnaður fyrir almenning og næst komandi sunnudag, 26. ágúst, munum við opna skóginn að Laugalandi á þelamörk. Þá hefur verið unnið að endurnýjun skilta og viðhaldi í öllum skógunum. Verkefnið Opinn skógur er samstarfsverkefni Skógræktarfélags Íslands og fyrirtækjanna Arion banka hf. og Skeljungs hf.

Í ár eru liðin 22 ár frá stofnun Yrkjusjóðsins en sjóðurinn var stofnaður árið 1990 í tilefni af 60 ára afmæli þáverandi forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur. Markmið sjóðsins er að kosta trjáplöntun íslenskra skólubarna á grunnskólastigi á ári hverju. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til við að kynna mikilvægi skógræktar og ræktunar almennt fyrir unga fólkinu í landinu og ala þannig upp ræktendur framtíðarinnar. Formaður sjóðsins er Sigurður Pálsson.

Sex ár eru nú liðin síðan Skógræktarfélag Íslands og Landvernd stofnuðu Kolvið - sjóð í þeim tilgangi að binda kolefni í gróðri og jarðvegi til að draga úr styrk koldíoxíðs í andrúmslofti. Á þeim sex árum sem Kolviður hefur starfað hefur margt áunnist. Verkefni Kolviðar hafa hins vegar, líkt og mörg önnur góð verkefni, liðið fyrir það efnahagsumhverfi sem við búum við í dag. Er það von stjórnar Kolviðs að úr þeim þætti rætist, fyrr en síðar. Þegar hafa verið gróðursettar skógarplöntur í um 170 ha. svæði á Geitasandi. Formaður sjóðsins er Reynir Kristinsson.

Ég gat þess í ræðu minni á liðnum aðalfundi að nokkur umræða hefði verið um það í stjórn Skógræktarfélags Íslands að skógræktarfélagin þyrftu að huga að því að tryggja sér aukið land til skógræktar. Kom sú umræða m.a. upp vegna þeirrar ásóknar sem sveitarfélög hafa haft til lands sem er í umsjón og eigu skógræktarféлага. Nærtækast er að nefna lönd skógræktarféлага á höfuðborgarsvæðinu. Með vísan til þess hefur Skógræktarfélag Íslands horft til þess möguleika um nokkra hríð að eignast land nærri höfuðborginni, sem nýst gæti til skógræktar og útivistar fyrir höfuðborgarbúa. Orkuveita Reykjavíkur auglýsti á liðnu ári jörðina Hvamm/Hvammsvík til sölu og lagði Skógræktarfélag Íslands inn tilboð í jörðina. Þá hefur Skógræktarfélag Íslands falast eftir makaskiptum á jörðinni Þrándarstöðum í Brynjudal og Kvíum í Jökulfjörðum, en Kvíar eru að ½ í eigu Skógræktarfélags Íslands en Þrándarstaðir er ríkisjörð. Ekki hreppti Skógræktarfélag Íslands jörðina Hvamm/Hvammsvík í Hvalfirði, en þar sem Orkuveita Reykjavíkur átti fleiri jarðir var leitað eftir möguleikum á kaupum á annari jörð. Þreifingar voru um kaup á hluta jarðarinnar Ölfusvatns, en þær viðræður hafa enn ekki borið árangur. Var því næst þreifað á möguleikum á kaupum á jörðinni Úlfjótuvatni af eiganda jarðarinnar, Orkuveitu Reykjavíkur. Sjálfsgagt er jörðin Úlfjótuvatn þekktust fyrir þær sakir að þar hafa íslenskir skátar rekið Útílfssmiðstöð skáta um langt árabíl, reist þar veglegar byggingar og staðið fyrir öflugum skátastarfi.

Rætt var við fulltrúa Bandalags íslenskra skáta um möguleika á að skátahreyfingin, ásamt Skógræktarfélagi Íslands, myndu ganga til samninga um kaup á jörðinni og voru þær viðræður jákvæðar. Var þá gengið til samninga við Orkuveitu Reykjavíkur og er skemmst frá því að segja að samningar tókust á milli aðila og jörðin seld Skógræktarfélagi Íslands og skátahreyfingunni skömmu fyrir síðustu áramót fyrir samtals kr. 200 milljónir.

Jörðin Úlfjótuvatn er tæplega 1.500 ha að stærð og möguleikar til skógræktar góðir. Að mínu mati gefst skógræktarhreyfingunni einstakt tækifæri í samvinnu við skátahreyfinguna og raunar fjölmarga aðra aðila að skapa fjölbreytta útivistaraðstöðu fyrir almenning, samhliða því að rækta fjölnytjaskóg á svæðinu. Og þar sem Skógræktarfélag Íslands er ekki á hverjum degi að kaupa jarðir, þykir mér rétt að gefa ykkur örlítið yfirlit yfir þann samning sem aðilar hafa þegar undirritað. Er þar stiklað á stóru:

Fyrirgreind félagssamtök eiga jörðina Úlfjótuvatn óskipta í eftirfarandi hlutföllum: Skógræktarfélag Ísland 50%, Bandalag íslenskra skáta 25% og Skátasamband Reykjavíkur 25%. Fasteignir, aðrar en þær fasteignir sem nú eru í eigu skátahreyingarinnar, skulu vera eign Skógræktarfélags Íslands, þ.e. íbúðarhús, fjós, fjárhús, hesthús, hlaða, votheysturn og véla- og verkfærageymsla, auk þess kirkja að Úlfjótuvatni og allt sem henni tilheyrir. Stofnað verður félag um eignarhald jarðarinnar sem skipað er fjórum aðilum í hlutfalli við eignarhluta í jörðinni.

Framtíðarsýn eigenda:

1. Eftir 30-40 ár verður Úlfjótsvatnsjörðin öll skógi vaxin með göngustígum og tengingum m.a. við Hengilssvæðið. Gert er ráð fyrir blandaðri skógrækt á jörðinni þar sem verða skjólbelti, útivistarskógar, landgræðsluskógar, nytjaskógar og skógrækt til kolefnisbindingar
2. Á Úlfjótuvatni verður stærsta „útilífsmiðstöð skáta“ á Íslandi, en jafnframt þekktur viðkomustaður fyrir skáta hvaðanæva að úr heiminum. Þar verður framúrskarandi aðstaða fyrir hvers kyns „skátaþróttir“ og útilífsaðstaða fyrir litla skátahópa og stór alþjóðleg skátamót.
3. Á Úlfjótuvatni verður góð aðstaða fyrir svefnpokagistingu, en líka aðstaða fyrir fólk sem óskar eftir gistingu í tveggja manna herbergjum með sérsnyrtingu og baði. Þá verður einnig matar- og veitingaþjónusta í boði fyrir litla og stóra hópa.
4. Á Úlfjótuvatni verður fyrsta flokks aðstaða fyrir námskeiðs- og ráðstefnuhald auk aðstöðu fyrir verklega starfsemi og verkleg námskeið bæði úti og inni. Þar verður m.a. fjölbreytt fræðslustarf tengt skátahreyingunni og skógræktarfélögum fyrir börn, unglunga og fullorðna.
5. Á Úlfjótuvatni verður aðstaða fyrir skólábúðir og samstarf við skólakerfið um „útikennslu“, skógrækt og önnur verkefni tengd náttúru og útivist.
6. Á Úlfjótuvatni verður eitt stærsta og eftirsóttasta tjaldstæði fyrir almenning í landinu með fjölbreyttri afþreyingu, einkum fyrir börn, unglunga og fólk sem vill njóta samvista við náttúruna.
7. Öll starfsemi á Úlfjótuvatni verður sem mest *sjálfbær*. Úlfjótuvatn verður þekktur og eftirsóttur *náttúruvænn* útivistar- og dvalarstaður, bæði meðal almennings og alveg sérstaklega meðal íslenskra og erlendra skáta.

Sameiginlegur skilningur eigenda er að:

1. Bandalag íslenskra skáta og Skátasamband Reykjavíkur munu halda öllum sínum eignum, húsum og útiaðstöðu og afgangi öllu af *Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni* og öðrum rekstri sem skátahreyingin nú annast og er í umsjón hennar. Jafnframt er sameiginlegur skilningur um að áframhaldandi vöxtur í allir þeirri starfsemi sem tilheyrir skátastarfi sem og skógrækt megi þróast og blómstra á ókomnum áratugum.
2. Með vísan til þess sem þegar er sagt um afgang af rekstri *Útilífsmiðstöðvar skáta á Úlfjótuvatni* til Bandalags íslenskra skáta og Skátasambands Reykjavíkur, skal Skógræktarfélag Íslands, að sama skapi, njóta alls afgang af skógarafurðum, sem og af kolefnisbindingu vegna skógræktar og endurheimts votlendis á jörðinni Úlfjótuvatni og af starfsemi sem tengist þeim fasteignum á jörðinni sem eru séreign félagsins.
3. Hafin verði sem fyrst vinna við stefnumótun eigenda jarðarinnar og vinna við skipulag Úlfjótsvatnsjarðarinnar með fyrirnefnda framtíðarsýn að markmiði. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu á árinu 2013.
4. Í tengslum við stefnumótun, framkvæmda- og rekstraráætlanir eigenda Úlfjótsvatnsjarðarinnar verði gerður, fyrir lok ársins 2012, mun ítarlegri eignaskipta-, réttinda- og samskiptasamningur sem komi í stað þessa bráðabirgðasamkomulags.

Þar verði m.a. settar samskiptareglur sem aðilar koma sér saman um bæði til að koma í veg fyrir hugsanlegan ágreining í framtíðinni og til að uppbygging og rekstur á jörðinni megi verða markviss og farsæll.

Skógræktarfélag Íslands keypti á síðasta ári gróðrarstöðina Borgarprýði á Akranesi, en gróðrarstöðin var hætt rekstri og komin í eigu Arion banka. Um var að ræða um 47 þúsund plöntur og var skógræktarfélögum gefinn kostur á að sækja plöntur í stöðina, án endurgjalds, og planta út í skógarreitum félaganna. Fjöldmörg skógræktarfélög nýttu sér þetta tækifæri og verður fróðlegt að sjá hvernig hinum margvíslegu plöntum sem í stöðinni voru, muni farnast í skógarreitum félaganna. Síðast liðið haust var haldin útsala á garðyrkju- og gróðurvörum úr stöðinni og svæðið hreinsað. Var viðskilnaður Skógræktarfélags Íslands vegna þessa verkefnis til fyrirmyndar. Vil ég nota tækifærið og þakka Bjarna O.V. Þóroddssyni, formanni Skógræktarfélags Skilmannahrepps, fyrir gott utanumhald vegna þessa verkefnis, en mikið mæddi á honum við afhendingu plantna og frágang allan á svæðinu.

Skógræktarfélag Íslands hefur notið þess á umliðnum árum að eiga góða og trausta bakhjarla sem hafa stutt dyggilega við starf félagsins og aðildarféлага þess. Má þar m.a. nefna Arion banka, Eimskip, Toyota á Íslandi, Pál Samúelsson og Elínu Jóhannesdóttur, Olís, Karl Eiríksson og Skeljung. Öllum þessum ágætu aðilum eru hér færðar alúðarþakkir.

Starfsfólk Skógræktarfélags Íslands hefur unnið afar gott starf að margvíslegum verkefnum og má þar meðal annars nefna öfluga útgáfu skógræktarrítsins, Laufblaðsins og heimasíðu félagsins, auk þess að sinna margvíslegum öðrum verkefnum í þágu skógræktarhreyfingarinnar. Færi ég þeim bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Liðið ár var um margt hagfelld okkur skógræktarfólki. Veður stöðugt og hlýtt og skógarvöxtur með mesta móti víðast hvar um land. Við höfum notið gjöfugar tíðar til skógræktar nú um margra ára skeið og virðist sem skógarbúskapur sé með ágætum víðast hvar um landið. Almennur áhugi á skógrækt hefur aukist og með betra aðgengi almennings að skógum landsins mun skógur og skógrækt festa sig æ betur í sessi sem nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í lífi hvers einstaklings.

Ég var fyrir stuttu í Danmörku og átti þess kost að fara nokkuð víða á reiðhjóli, en eins og flestir vita er sá ferðamáti þar afar algengur. Þar voru hinir bestu hjólreiðarstígar um skógarstíga og greinar trjáanna svignuðu vegna girnilegra epla sem á þeim héngu. Og þar sem ég horfi á þessa fögru sýn sé ég hvar lögreglumaður teygir sig eftir epli, sitjandi á klár sínum sem var af stærri gerðinni. Varð mér þá hugsað til þess að með ört hlýnandi loftslagi yrði kannski ekki svo langt að bíða að slík sjón myndi blasa við í fögru skóglendi á Íslandi.

Félagar okkar á Blönduósi standa nú vaktina á þessum aðalfundi. Hvernig geðslag þeirra verður að loknum aðalfundi skal ósagt látið, en sé gripið niður í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá miðri 18. öld þarf vart að hafa af því miklar áhyggjur, en þar er þessu þannig lýst: „Skagfirðingar eru taldir framhleypnir og digurmæltir, Eyfirðingar kyrrlátir og síðugir, en Húnvetningar séu bil beggja eða mitt á milli þeirra“. Svo mörg voru þau orð.

Og úr því að ég er nú farin að vitna í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um atgerfi Húnvetninga er rétt að rifja upp ferðalag tveggja Hreppamanna fyrir margt löngu er komu að sunnan og og lentu á gilbarminum við Friðmundará og horfðu ofan í Vatnsdalinn og leist svo illa á gilið að annar kastar fram þessari vísu:

Vegur er til í Vatnsdalinn,
sem virðum eykur kvíða.
Aldrei hefur andskotinn
um hann þorað að ríða.

Þegar himni flæmdu frá
fór til Heljar kvalinn,
hérna skreið hann hjánum á
hræddur ofan í dalinn.

Menn þessir dvöldu svo nokkra daga í Vatnsdal og munu hafa notið góðrar gestrisni dalbúa.
Þegar þeir fóru úr dalnum, bættu þeir við þriðju vísunni sem bragabót:

En hvergi leið fann handa sér
heiftarpínu kvalinn,
af því góðu englarnir
allan byggðu dalinn.

Góðir aðalfundarfulltrúar.

Ég vil óska þess að aðalfundur Skógræktarfélags Íslands hér á Blönduósi megi verða okkur
skógræktarfólki ánægjulegur.

Ég segi 77. aðalfund Skógræktarfélags Íslands settan.